

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/335

2017/EES/48/18

frá 27. febrúar 2017

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á stevíóglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í tiltekið orkuskert sælgæti (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 27. maí 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á stevíóglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í tiltekið orkuskert sælgæti. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Stevíóglýkósíð eru hitaeiningalaus, bragðsæt innihaldsefni og þau má nota í tiltekið sælgæti í stað hitaeiningaríks sykurs og draga þar með úr hitaeiningainnihaldi þessara vara og neytendum bjóðast vörur sem eru orkuskertar, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Sameinuð notkun stevíóglýkósíða og sykurs gefur vörum sætt bragð og þær bragðast betur, samanborið við vörur þar sem einungis eru notuð stevíóglýkósíð til sætunar, þar eð sykurinn felur eftirbragð stevíóglýkósíðanna.
- 5) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 6) Á árinu 2010 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit <sup>(3)</sup> um öryggi stevíóglýkósíða við tillagða notkun sem matvælaaukefni (E 960) og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) við 4 mg/kg líkamsþyngdar á dag, gefið upp sem stevíóljafngildi.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin endurskoðaði váhrifamat á stevíóglýkósíðum á árinu 2015 og komst að þeirri niðurstöðu að áætluðu váhrifin séu undir ásættanlegri, daglegri inntöku fyrir alla aldursflokka að einu landi undanskildu þar sem smábörn eru við efri hluta hæstu gildanna (95. hundraðshlutableil) <sup>(4)</sup>. Útreikningar á váhrifum, sem *Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu* sá um á árinu 2015, sýndu að tillögð rýmkun á notkun, að því gefnu að markaðshlutdeild vara sem innihalda stevíóglýkósíð sé 25% og að því gefnu að vörumerkjatryggð sé 100%, hafði ekki áhrif á 95. hundraðshlutableilið að því er varðar váhrif á ung börn í Hollandi (Niðurlandi) á aldrinum 2–6 ára.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi í áliti sínu frá 2015 að innan FoodEx-matvælaflökkunarkerfisins væri ekki mögulegt að endurspegla allar takmarkanir/undantekningar sem gilda um notkun stevíóglýkósíða (E 960) í matvælum undir

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 50, 28.2.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(4), 1537.

<sup>(4)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(6), 4146.

matvælaundirflokknum 05.2. Þess vegna var öllum matvælaflokknum úthlutað hæsta hámarksgildi, sem nemur 2 000 mg/kg, sem leiddi til ofmats á váhrifum. Auk þess, að því er varðar matvæli í flokki 05.2. var „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ ekki tilgreint sem einn af helstu matvælaflokkunum sem stuðla að váhrifum frá stevíólglykósíðum (E 960).

- 9) Að teknu tilliti til þess að útreikningar á váhrifum eru undir ásættanlegri, daglegri inntöku (ÁDI) fyrir alla aldursflokka veldur tillögð notkun og notkunarmagn stevíólglykósíða (E 960) sem sætuefni ekki öryggisvanda.
- 10) Þess vegna er rétt að heimila notkun stevíólglykósíða (E 960) sem sætuefni í tiltekið, orkuskert sælgæti í matvælaflokki 05.2 „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“: hart sælgæti (brjóstsýkur og sleikibrjóstsýkur), mjúkt sælgæti (seigt sælgæti (e. *chewing candies*), ávaxtahlaup og frauðsykurvörur/sykurpúðar), lakkrís, núggat og marsipan (hámarks magn sem nemur 350 mg/kg); bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt (hámarks magn sem nemur 670 mg/kg) og smátöflur sem gefa frískandi andardrátt (hámarks magn sem nemur 2 000 mg/kg).
- 11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

VIÐAUKI

Matvælaundirflokkur 05.2 „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 960, stevíólglykósíð, sem vísar til „Einungis sælgæti án viðbætts sykurs“ komi eftirfarandi:

„E 960	Stevíólglykósíð	350	(60)	Einungis sælgæti án viðbætts sykurs Einungis orkuskert hart sælgæti (brjóstsykur og sleikibrjóstsykur) Einungis orkuskert mjúkt sælgæti (seigt sælgæti, ávaxtaflaup og frauðsykurvörur/sykurpúðar) Einungis orkuskertur lakkrís Einungis orkuskert núggat Einungis orkuskert marsipan“
--------	-----------------	-----	------	---

b) Í stað færslunnar fyrir E 960, stevíólglykósíð, sem vísar til „Einungis bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs“ komi eftirfarandi:

„E 960	Stevíólglykósíð	670	(60)	Einungis bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt, orkuskertar eða án viðbætts sykurs“
--------	-----------------	-----	------	--

c) Í stað færslunnar fyrir E 960, stevíólglykósíð, sem vísar til „Einungis smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, án viðbætts sykurs“ komi eftirfarandi:

„E 960	Stevíólglykósíð	2 000	(60)	Einungis smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, orkuskertar eða án viðbætts sykurs“
--------	-----------------	-------	------	---